



Elísabet Rán Andrésdóttir
Alþingi
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 25. nóvember 2005
SP/hó

Efni: Frumvarp til breytinga á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum

Tilv: 2005110006

Stjórnir Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, þingskjal 21, flutningsmaður Jón Bjarnason. Lagðar eru til tvær breytingar á 53. grein laganna en sú grein fjallar um greiðslumark til mjólkurframleiðslu.

Nýr samningur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar var undirritaður 10. maí 2004. Hinn 28. maí sama ár samþykkti Alþingi breytingar á búvörulögum vegna hins nýja samnings og var 53. grein laganna þá færð til núverandi horfs. Eins og skýrt kom fram í framsöguræðu landbúnaðarráðherra, þegar hann mælti fyrir frumvarpinu til breytinga á búvörulögum í maí 2004, starfaði fjölskipaður vinnuhópur á vegum landbúnaðarráðherra, áður en samningurinn var gerður. Eins og lesa má í skýrslu þess starfshóps, kafla 8.4., voru nokkuð skiptar skoðanir í hópnum um þau atriði sem frumvarp Jóns Bjarnasonar tekur til.

Búnaðarþing 2005 ályktaði eftirfarandi um það efni, sem frumvarpið fjallar um:


"Búnaðarþing 2005 beinir því til stjórnar Bændasamtaka Íslands að skipa starfshóp sem fái það hlutverk að meta hvort setja eigi reglur, og þá hvers konar, um hámarks hlutdeild framleiðslueininga í beingreiðslum í landbúnaði. Hópurinn fái enn fremur það hlutverk að meta hvort þörf sé á aðgerðum sem beinast gegn samþjöppun á eignarhaldi bújarða. Stjórn Bændasamtaka Íslands leiti eftir því við Landssamband kúabænda, Landssamtök sauðfjárbænda og Samband garðyrkjubænda að þau tilnefni einn mann hvert í starfshópinn og að tveir komi frá stjórn Bændasamtaka Íslands".

Vinna er nú í gangi samkvæmt ályktuninni, og mun starfshópur, sem skipaður var, skila tillögum fyrir búnaðarþing 2006. Stjórnir Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda munu ekki taka efnislega afstöðu til málsins, fyrr en starfshópurinn hefur lokið störfum og búnaðarþing fjallað um niðurstöðu hans. Á hitt ber jafnframt að benda, að umræddur samningur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar er gerður á grundvelli 30. greinar búvörulaganna, og það getur engan veginn talist eðlilegt að breyta lagaákvæðum er varða efni samningsins nema að undangengnum viðræðum um endurskoðun hans.

Virðingarfyllst,

f.h. Bændasamtök Íslands

f.h. Landssambands kúabænda


Sigurgeir Þorgeirsson

Snorri Sigurðsson, sign.

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13
108 REYKJAVÍK
SÍMI 545 1200
TELEFAX 545 1212
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160
128 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. nóvember 2005

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um framleiðlu, verðlagningu og sölu á búvörum (greiðslumark), 21. mál.

Neytendasamtökin geta ekki mælt með samþykkt þessa frumvarps. Samtökin minna á að verð á mjólkurvörum hér á landi er með því hæsta sem gerist í heiminum. Þetta er þrátt fyrir að stuðningur stjórnvalda við mjólkurframleiðslu hér er hærri en í öðrum löndum.

Neytendasamtökin telja afar brýnt að sem mest hagræðing verði innan þessarar greinar og að stærðarhagkvæmni fái að njóta sín. Þetta er ekki aðeins til hagsbóta fyrir neytendur heldur einnig fyrir framleiðendur, enda ljóst að tollar muni lækka í framtíðinni á þessum vörum eins og öðrum landbúnaðarvörum og við það mun samkeppni innlendra og erlendra framleiðslu aukast. Aukin hagkvæmni í framleiðslu mjólkurafurða eykur möguleika greinarinnar til takast á við þá samkeppni.

Virðingarfyllt
F.h. Neytendasamtakanna


Johannes Gunnarsson formaður